

KJARVAL



Freschetta XL
Quattro formag



1669 KR.
SS Rauðvinslegin
Helgarsteik



1499 KR.
Godá Hunangsgrís
léttreyktur



569 KR.
Godá
Baconbúðingur



998 KR.
Ýsurullur
fylltar



249 KR.
Myllu
Heimilisbrauð



499 KR.
Ota
Hafframjöl



129 KR.
Toppur
án bragðefna 2l



299 KR.
Erlend
jarðarber box



199 KR.
Crawford
kex
2 teg.



189 KR.
FP Bökunarpappír
arkir



139 KR.
Lif
Malskorn



590 KR.
Osram
spærperur

-SJÁ OPNUNARTÍMA Á KJARVAL.IS -

ÖLL VERÐ ERU BIRT MEÐ FYRIRVARA UM PRENTVILLU OG/EDA MYNDAÐREGL

VITINN

UTG. FRÉTTABÚI SÍMI: 4871429 FAX: 4871206 NETFANG frettir@simnet.is

Auglýsingar berist ekki síðar en kl. 10 á þriðjudagsmorgnum

Orðsending frá VITANUM

**Útkomu VITANS seinkar
um einn dag í næstu viku**

Þ.e. hann verður unninn á miðvikudeginum 16. sept. og kemur út fimmtudaginn 17. sept.

**Auglýsingar berist ekki síðar en
kl. 10:00 miðvikudagsmorguninn 9. sept.**

Þá leitar VITINN eftir myndum af nýburum, brúðkaupum, afmælum og fl.

Þær myndir verða endurbirtar eins og undanfarin ár, í væntanlegu jólablaði Fréttabúa.

Þá ítrekum við að þeir sem senda auglýsingar á netinu fylgi því eftir hvort þær verða staðfestar, enn kemur fyrir að auglýsingar hafa ekki borist vegna samskiptaörðugleika við netþjónustuna. *Bestu kveðjur. Útg.*



Dagný Rut Einarsdóttir fædd í sigurkufla 4. júní 2009. Var 3880gr og 51 cm þegar hún fæddist. Birta Dís Einarsdóttir er fædd 12. mars 2006. Foreldrar: Unnur Halla Arnarsdóttir (frá Brekkum) og Einar Karl Eyvindsson (frá Selfossi) búsett í Sóltúni 2 Selfossi.

Aðeins til að brosa að...

Frú Jóna var að láta mála hjá sér. Einn morguninn sagði hún við málara: Þið verðið að fara sérstaklega varlega í dag, því mig dreymdi í nótt að þið duttuð úr stiganum. - Kæra frú sagði einn þeirra. Takið ekki of mikið mark á draumum. - Mig er búið að dreyma þrjár nætur í röð að þér gæfuð okkur kaffisopa!!!

36. TBL. 13. ÁRGANGUR MIÐVIKUDAGINN 9. SEPTEMBER 2009

SMÁAUGLÝSINGAR



Aðalskipulag Mýrdalshrepps 2009-2025

Kynningarfundur

Fimmtudaginn 10. september nk. verður haldinn almennur kynningarfundur skv. 17. gr. skipulags- og byggingarlaga á tillögu að aðalskipulagi Mýrdalshrepps 2009-2025.

Fundurinn verður í félagsheimilinu Leikskálum í Vík og hefst kl. 20:00.

Sveitarstjóri

Umsagnir um aðalskipulagstillög á www.myrdalur.is

Umsagnir lögformlegra umsagnaraðila, Umhverfisstofnunar, Vegagerðarinnar, Landgræðslunnar o.fl., um tillögu að aðalskipulagi Mýrdalshrepps 2009-2025 eru nú aðgengilegar á vefnum www.myrdalur.is.

F.h. Samtaka íbúa og hagsmunaaðila í Mýrdal
Kjartan Jónsson

Tannlæknir á Heilsugæslunni á Kirkjubæjarklaustri

Sonja Rut Jónsdóttir tannlæknir
verður á heilsugæslunni á Klaustri **18.-21. september. 2009.**

Tímappantanir eru á Heilsugæslunni í síma 480-5350

LÖGREGLAN HVOLSVELLI

*Samantekt vikuna 31. ágúst
til 7. september 2009*

Það er alveg ótrúlegt hvað tíminn æðir áfram og áður en maður veit er komið aftur haust. Haustin eru mjög fallegur tími. Náttúran skartar fallegum gulum og rauðum litum og allt fær á sig annan blá.

Um helgina voru réttir á nokkrum stöðum í umdæminu og fór allt vel fram. Réttardansleikur var á Kirkjubæjarklaustri á laugar-dagskvöldið en margt var um manninn og skemmtu allir sér konunglega. Ekkert var um illdeilur eða slagsmál. Að vísu var einn gestanna sem náði að fara af stað á bifreið sinni eftir að hafa neitt áfengis, en hann var stöðvaður og fær mál hans venjubundna afgreiðslu, þ.e. sekt og ökuleyfisvipting bíður hans.

Tveir menn voru handteknir og játuðu að hafa ætlað í sundlaugina á Kirkjubæjarklaustri. Þeir höfðu farið inn í Íþróttahúsið og ætluðu að fara í sundlaugina en kerfi með upptöku er í lauginni. Þeir lögðu á flóttu og voru handteknir daginn eftir.

Í vikunni varð slys við Gígjökul í Þórsmörk en þar fékk ung kona stein í höfuðið og sótti þýrta Landhelgisgæslunnar hana og flutti á sjúkrahús í Reykjavík. Í fyrstu var talið að um mjög alvarlega áverka væri að ræða, að höfuðkúpan hafði gengið inn eftir steininn. Mun þetta hafa sloppið betur en á horfðist og var konan útskrifuð af spítalanum um kvöldið.

Bílfelting var á Þórsmörkum og slapp það án meiðsla. Bifhjólaslys varð á Landvegi en ökumaður hjólsins mun hafa viðbeinsbrotnað.

Málum í vikunni hefur fækkað hjá okkur en ástæðuna teljum við vera að ferðamönnum hefur fækkað á svæðinu. Mál sem komu til okkar kasta voru 76 að tölu í vikunni. Alls óku 21 ökumenn of hratt en sá sem hraðast ók var á 134 km hraða austan við Krikjubæjarklaustur. Hann fékk 70 þúsund króna sekt og nýtti sér afsláttinn og greiddi á staðnum 52.500.-krónur. Það hlýtur að vera hægt að nota peninganna í skynsamari hluti en að aka of hratt.

Frá áramótum hefur lögreglan á Hvolsvelli stöðvað 1328 ökumenn fyrir að aka of hratt í umdæminu. Það er líka frá því að segja að alvarlegum slysum í umdæmi okkar hefur fækkað stórlega frá því að við tókum upp hert eftirlit með of hröðum akstri.

Að lokum vil ég koma því til ókumanna að muna eftir að nota bílbelti, sama þótt fara eigi stutta vegalengd. Gæta einnig að því að börn séu með réttan búnað og fest í stóla og belti. Ég var á leið í Skaftafell um daginn og varð vitni að því er móðir sat í framsæti sem farþegi með barn sitt í fanginu. Þetta er mjög alvarlegt er dómgreind okkar hefur minnkað eða horfið. Við verðum að gera okkur fulla grein fyrir ábyrgðinni sem fylgir því að fara um í umferðinni, hvort sem við erum gangandi, akandi eða hjólandi. Augnablik gáleysi eða yfirsjón okkar getur verið óbætanleg með öllu.

Á næstunni munum við fylgjast með að reiðhjólafólk noti hjálma. Það er skylda fyrir yngri en 15 ára.

Tekið saman af Guðmundi Inga Inga-syni, varðstjóra. LÖGREGLAN HVOLSVELLI

Á DÖFINNI

Harpa Hauksdóttir augnlæknir verður á Heilsugæslunni á Klaustri
15.-17. september n.k.

Sonja Rut Jónsdóttir tannlæknir verður á heilsugæslunni á Klaustri
18.-21. september. 2009.

10. september nk. verður haldinn almennur kynningarfundur skv. 17. gr. skipulags- og byggingarlaga á tillögu að aðalskipulagi Mýrdalshrepps 2009-2025 í félagsheimilinu Leikskálum í Vík og hefst kl. 20:00.

MALSHATTUR VIKUNNAR

Oft má satt kyrrt liggja.

Netverslunin - www.fallegfot.com

Mikið úrval að nýjum og ódýrum fötum, sendi um land allt.

Úr Skessuhorni 7. sept. 2009:

Mýsnar spá norðanátt í vetur



Hagamýs eru þessa dagana önnur kafnar við að draga björg í bú og birgja sig upp fyrir veturinn.

Það hefur löngum verið sagt að ráða megi af því hvernig munnar músaholanna snúa hver ríkjandi vindátt verði á komandi vetri.

Ef marka má val hagamúsanna á holumunnum sínum við bæinn Gröf í Hvalfjarðarsveit má búast við að norðanátt verði ríkjandi þar í sveit í vetur. Allar músaholur sem sáust í heimsókn blaðamanns Skessuhorns þangað í vikunni sneru mót suðri.

Frestur til að skoða rúmlega 6600 ökutæki að renna út

Umferðarstofa vill vekja athygli á því að 1. október n.k. mun sýslumaðurinn í Bolungarvík leggja vanrækslugjald á eigendur húsbíla, bifhjóla og ferðavagna sem ekki hafa farið með þá til skoðunar fyrir þann tíma. Ferðavagnar eru tjaldvagnar, fellihýsi og hjólhýsi.

Samkvæmt tölum Umferðarstofu frá 4. september eru 5095 ferðavagnar, 1331 bifhjól og 253 húsbílar enn óskoðaðir af þeim ökutækjum sem færa þarf til skoðunar á þessu ári. Þessi mikli fjöldi óskoðaðra bifhjóla vekur athygli en þetta er u.þ.b. 13% allra skráðra bifhjóla í landinu. Verði ökutækin ekki færð til skoðunar fyrir 1. október mun sýslumaðurinn í Bolungarvík leggja vanrækslugjald á þau. Tekið skal fram að ekki þarf að færa ferðavagna sem eru skráðir árið 2006 eða seinna til skoðunar á þessu ári. Þá eiga áðurgreindar tölur eingöngu við um húsbíla og bifhjól sem koma eiga til skoðunar á árinu 2009.

Á síðasta ári tók gildi ný reglugerð um skoðun ökutækja en fram að því hafði ekki verið skylt að færa ferðavagna til skoðunar. Vegna mikils fjölda slíkra vagna á vegum landsins og mikilvægi þess að ástand þeirra og öryggisbúnaður sé í lagi voru settar reglur um skoðun þeirra byggðar á tilskipun Evrópusambandsins.

Þann 1. ágúst 2009 átti að vera búið að færa ferðavagna, hjólhýsi og bifhjól sem voru skráð árið 2005 eða fyrr til skoðunar en eigendur ökutækjanna hafa þó frest fram til 1. október til að færa þau til skoðunar áður en vanrækslugjald verður lagt á. Á næsta ári þarf að færa ferðavagna sem eru skráðir 2006 til skoðunar fyrir 1. ágúst en eigendur hafa síðan tvo mánuði upp á að hlaupa áður en vanrækslugjaldið leggst á þann 1. október.

Umferðarstofa vill hvetja eigendur húsbíla og bifhjóla sem koma eiga til skoðunar á þessu ári ásamt ferðavögnum af árgerð 2005 eða eldra til að færa vagnana til skoðunar fyrir 1. október svo komist verði hjá álagningu vanrækslugjalds.



Mýrdalshreppur

Mýrdalshreppur óskar eftir tilboðum í endurnýjun þaks og veggja hússins að Víkurbraut 17 í Vík, Skaftfellingsbúðar.

Útboðsgögn fást keypt á skrifstofu Mýrdalshrepps á kr. 2.000,- frá fimmtudeginum 10. september 2009. Tilboðum skal skila á sama stað fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 22. september n.k. og verða þau þá opnuð. Áskilinn er réttur til að taka hvaða tilboði sem er eða hafna öllum.

Sveitarstjóri

Rættist úr fýlnum

Það var nú yfirleitt búið að spá illa fyrir fýlavertíðinni í ár, að fýllinn hefði bókstaflega skrælnað í hitunum í sumar, en þetta hafa greinilega verið rangspár, því þó nokkuð hefur fýlast og fór hann að fljúga um mánaðarmótin, sem er heldur fyrr en í fyrra.

Fýllinn er sémilega vænn að sögn veiðimanna, mest svona meðalfýll, lítið um mjög væna og líka lítið um láka.

Það koma á hverju sumri nokkrir burtfluttir Mýrdælingar til að ná sér í soðið.

Að verka fýllinn þykir heldur óþrífaleg vinna. Eitthvað er um að fjölskyldur sameinist um verkið, þá verður þetta léttara og skemmtilegri vinna.

Þó mönnum sýnist fýl hafa fækkað verulega hér í Mýrdalnum, er hann alltaf að færa út ríki sitt, sést orðið um nær allt Suðurland og hefur eitthvað sést á höfuðborgarsvæðinu.

Sigurður Elías í Víkurskála stefnir á að halda fýlaveislu 7. nóvember.

EÓ

Fallegt...

Elsku mamma, pabbi og allt hitt stóra fólkið.

Ég er með litlar hendur.

Ég ætlaði ekki að hella niður mjólkinni.

Fæturnir á mér eru svo stuttir.

Farðu hæggar svo ég geti fylgt þér eftir.

Ekki slá á hendurnar þegar ég snerti eitthvað fallegt. Ég skil það ekki.

Horfðu á mig þegar ég tala við þig.

Þá veit ég að þú ert að hlusta.

Ég hef viðkvæmar tilfinningar.

Ekki vera alltaf að skamma mig, leyfðu mér að gera mistök, án þess að finnast ég vitlaus.

Ekki búast við að myndin sem ég teikna eða rúmið sem ég bý um verði fullkomið.

Elskaðu mig fyrir að reyna.

Mundu að ég er barn, ekki lítil fullorðin vera. Stundum skil ég ekki það sem þú segir.

Ég elska þig svo mikið.

Elskaðu mig bara fyrir að vera ég, ekki fyrir eitthvað sem ég get.....

28.8.2009

Haustið, veðurlagsspá

Samkvæmt spá um veðurfar þriggja mánaða, sept-nóv má gera ráð fyrir því að fremur milt verði á landinu að jafnaði þennan tíma. Heldur rigningsarsamt um sunnanvert landið en úrkoma ekki fjarri meðallagi norðantil.

Veðurlagsspá frá Evrópsku reikni-miðstöðinni (ECMWF) er að þessu sinni óvenju skýr og sjálfri sér samkvæm. Spáð er háþrýstifráviki yfir Bretlandseyjum og fremur lágum loftþrýstingi suður og suðaustur af Hvarfi á Grænlandi. Slík þrýstifráviki eru ákveðin vísbending um lægðagang hér við land, ekki endilega syrpu djúpra lægða, en í það minnsta mun leið raka loftsins af Atlantshafi liggja nærri Íslandi. Þá rignir vitanlega talsvert og jafnvel mikið sunnanlands samfara vind-áttum á milli SA og SV, en lengst af verður úrkomulítið norðan heiða. Það er þó ekki að sjá að þar verði sérlega þurrt, enda er það svo þegar lægðir verða nærgöngular að norðanvindur kemur fyrir með úrkomu einnig norðanlands. Ef þessi spá gengur eftir verður um að ræða ekki ólíkt veðurlag og tvö síðustu haust.

Ef þessi spá rætist eru það góð tíðindi fyrir vatnsaflsvirkjanir í landinu eftir frekar snautlegt úrkomusumar. Þá fyllast öll uppistöðulón af ríkulegum hausttríningum. Líkindi frá meðallagi gefa til kynna að um miðbik Suðurlands séu um 50-70% líkur á því að úrkomu gæti orðið umtalsverð eða í efsta fimmtungi allra ára ef þeim er raðað frá lítilli til mikillar úrkomu.

Verulegar líkur eru á því að hitinn á landinu öllu verði yfir meðallagi tímabilsins

september til nóvember. Ef suðlægar vind-áttir verða algengar á kostnað norðanáttu þarf heldur ekki slík ályktun að koma á óvart.

Breska veðurstofan gaf út sína haustspá í gær. Í henni er stigið mjög varlega til jarðar eftir bommertu sumarsins, en góðviðrisspá fyrir júní til ágúst gekk engan veginn eftir. Nú er sagt að haustmánuðirnir verði aðeins hlýrri en í meðallagi á Bretlandseyjum og í N-Evrópu en ekkert sé hægt að segja um úrkomu. Spá IRI frá Columbia Háskólanum í NY er svipuð og lítið sagt, þó lesa megi meira á milli línanna.

Útlit er fyrir að fyrsta vika september verði fremur köld og með ríkjandi N eða NA-átt. Þriggja mánaða veðurlagsspár gefa til kynna meðalveðurlag og innan þess rúmast talsverður breytileiki eins og gefur að skilja.

Tekið af síðu Einars Sveinbjörnssonar, Veðurfræðings á Veðurstofu Íslands frá 1991-2007

VISUR VIKUNNAR


Elsku litli ljúfur minn,
leiki við þig heimurinn.
Ástin gefi þér ylinn sinn,
þótt einhver fyrir það líði.
Vertu eins og afi þinn
allra bænda þrýði.

(Örn Arnarsson.)

Þó í okkar feðraföld
falli allt sem lifir
enginn getur mokað mold
minningarnar yfir.

(Bjarni. Jónsson frá Gröf.)

Regnbogamarkaður



Ertu snillingur að þrjóna/ sauma/
hekla/ smyrna/ baldýra/ orkera eða rýja?

Kanntu að búa til fallegar myndir, fín-
lega skartgripi, töff belti, glæsilega lampa eitthvað allt annað?

Átt þú skemmtilegt dót í geymslunni sem gaman væri að koma í verð?
Kannski skrautlega kjóla, vesti af afa eða notaleg neondress? Það sem þér finnst drasl getur öðrum fundist hreinasta gersemi.

Eftir tæpan mánuð verður **Regnbogamarkaðurinn** haldinn í fyrsta sinn. Hann er hluti af menningarhátíðinni Regnboganum sem lita mun mannlífið svo um munar helgina 2. - 4. okt.

Markaðurinn verður á planinu fyrir utan Leikskála,
laugardaginn 3. okt frá kl. 11 - 13.

Vinsamlegast tilkynnið þáttöku á netfangið harpenstein@gmail.com
sem fyrst eða í síðasta lagi 26. sept. (viku fyrir markaðsdaginn).

**Nánari upplýsingar fást í sínum 869-2722 (Harpa)
og 690- 2407 (Inger).**

Undirbúningsnefndin

6.9.2009 *Einar Sveinbjörnssonar, Veðurfræðingur:*

Fyrsta haustlægðin í uppsiglingu

Stundum kemur það fyrir að lægð sem hingað kemur um miðjan ágúst með hvassri austanátt er kölluð haustlægð. Oftast er það misskilningur eða oftúlkun. Talsverður munur er oftast sýnilegur á þessu tvennu. Lægðir á Atlantshafinu síðsumars má rekja til þess að hlýr og rakaþrunginn loftmassi berst sunnan úr heittempraða beltinu í veg fyrir svalara loft sem í eðli sínu er sumarloft fyrir norðlægar breiddargráður. Þessum lægðum fylgir oftast mikil væta og allhvass vindur sem stundum nær stormstyrk. Bretar fengu einmitt yfir sig nokkrar slíkar í júlí og ágúst og einhver skipti hefur Þjóðhátíð í Vestmannaeyjum fokið nánast á haf út af völdum slíkra lægða.

Haustlægðir hins vegar eru gerðar úr haustefni ef svo má segja. Lítil skortur er á hlýju og röku lofti sunnan úr höfum á þessum árstíma, en um og upp úr höfuðdegi (29. ágúst) taka norðurslóðir að kólna mjög hratt um leið og sólarhæð lækkar mjög ákveðið og útteislun tekur völdin. Kólnandi loftmassar leita suður á bóginn í veg fyrir þá hlýrri og úr verður myndun haustlægðar. Slíkt er einmitt að gerast nú, en haustlegt loft berst nú til suðurs út á Atlantshaf fyrir vestan Grænland eins og sjá má á spákortinu að neðan og gildir í hádeginu á morgun (7. sept). Lægðin sem keyrir í veg fyrir þetta loft, dýpkar hratt og verður að djúpri haustlægð, með stormi og mikilli vætu. Henni er ekki spáð til okkar, en Færeyingar og Skotar verða einkum fyrir barðinu á henni.